



## Undirbúningur vegna innleiðingu styttingu vinnuvikunnar

Undirbúningur vegna fræðsluefnis um innleiðingu styttingu vinnuvikunnar er kominn vel á veg og verða helstu upplýsingar og fræðsluefni fyrir Reykjavíkurborg aðgengilegar á <https://reykjavik.is/betrivinnutimi> í lok ágúst mánaðar.

### Stytting hjá dagvinnustarfsmönnum

Á starfsstöðum dagvinnustarfsmanna mun styttingin byggja á samtali starfsfólks og stjórnenda um hvernig nýta megi vinnutímann betur jafnframt því sem samið er um breytingar á fyrirkomulagi neysluléa.

Starfsstaðir Reykjavíkurborgar sinna fjölbreyttri þjónustu og áskoranirnar munu fylgja því að finna lausnir sem fela í sér gagnkvæman ávinning starfsfólks og starfsstaða af styttingu vinnuvikunnar. Ná þarf samkomulagi um það hversu mikið stytta á vinnuvikuna, hvernig útfærslan á að vera, fyrirkomulag hléa og hvað þarf til að styttingin sé framkvæmanleg á hverjum starfsstað.

Gert er ráð fyrir því að framkvæmd styttingar vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg verði á þjónustubætti og þannig tryggt að starfsstaðir sem sinna sömu/sambærilegri þjónustu hafi jöfn tækifæri til styttingar vinnuvikunnar. Samhliða er þó gert ráð fyrir því að útfærsla betri vinnutíma verði ákveðin innan hvers starfsstaðar. Með þjónustubætti er hér til að mynda átt við að ákveðið verði með atkvæðagreiðslu alls starfsfólks sem starfar á leikskólum Reykjavíkurborgar, svo dæmi sé tekið, hver styttingin í klst. verður en útfærslan á betri vinnutíma, þ.e. hvort stytt sé daglega eða vikulega, verði innan hvers leikskóla.

Innleiðing betri vinnutíma hjá dagvinnustarfsmönnum verður í eftirfarandi skrefum:

- Samtöl innan starfsstaða fara fram í september.
- Samráðsfundir þjónustubátta verða í október þar sem komist verður að sameiginlegri niðurstöðu um styttingu með atkvæðagreiðslu.
- Niðurstaða um fyrirkomulag styttingar þjónustubátta og útfærsla starfsstaða liggja fyrir í október/nóvember.
- Innleiðing styttingar hjá dagvinnustarfsmönnum verði lokið 1. janúar nk.

Eitt af því sem getur auðveldað betri nýtingu vinnutíma eru tækniframfarir og lagt er upp með að starfsstaðir nýti þá þekkingu og reynslu sem varð til um fjarvinnu í kórónuveirufaraldrinum í vor ásamt þeirri reynslu sem starfsstaðir sem tóku þátt í tilraunaverkefni styttingar hjá Reykjavíkurborg búa yfir. Umbótasamtölin sem eiga að vera tekin innan hvers starfsstaðar felast í að ræða og skoða verklag, vinnufyrirkomulag, hvar sóknarfæri liggja og hvernig er hægt að gera hlutina með öðrum hætti og mögulega hugsa hlutina upp á nýtt.

### Stytting hjá vaktavinnustarfsmönnum

Undirbúningur styttingu vinnutíma hjá vaktavinnustarfsmönnum miðar vel hjá stýrihópi sem er sameiginlegur fyrir Reykjavíkurborg, ríki og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Innleiðing styttingar hjá vaktavinnustarfsmönnum eru fyrirhugaðar í eftirfarandi skrefum:

- Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma í vaktavinnu hjá Reykjavíkurborg tekur til starfa og hefur það hlutverk að sjá um samræmda og faglega framkvæmd vinnutímastyttingar.
- Fyrir 15. janúar liggja fyrir breytt vaktafyrirkomulag og starfshlutfall samkvæmt því.
- 1. febrúar 2021 skal undirbúningi sviða/starfsstaða lokið og tillaga um innleiðingu kerfisbreytinga liggja fyrir.
- Breytingar taka gildi 1. maí 2021.